

## Upplýsingar um **ÁSTANDSSKOÐANIR** og kaup & sölu notaðra bíla

### *Ástandsskoðanir*

Í skoðunarstöðvum Frumherja hf. er boðið upp á margar gerðir ástandsskoðana. Viðskiptavinir ættu alltaf að geta fundið einhverja skoðun sem hentar þeim hverju sinni. Við skoðanirnar starfa þrautþjálfaðir skoðunarmenn sem nota fullkomin tæki til að meta ástand búnaðar, t.d. hemlaprófara til að skoða virkni bremsubúnaðar, mengunarmæla sem m.a. gefa hugmynd um ástand eldsneytiskerfis, lakkþykktarmæla sem geta bent á viðgerðir á yfirbyggingu eða sprautuvinnu, hristara sem notaðir eru til að skoða hjóla- og stýrisbúnað, og fleiri tæki. Á Hesthálslí í Reykjavík eru auk þess vélgreinar sem notaðir eru til að kanna ástand véla vandlega, t.d. þjöppun véla, demparaprófari sem mælir ástand höggdeyfa en má einnig nota til að finna skrölt í bílum, og loks hjólstefnumælir sem mælir stefnu allra hjóla og gefur upplýsingar um dekkjaslit.

### *Söluskoðun*

Söluskoðun er aðallega ætluð þeim sem eru að kaupa bifreið og koma með hana sjálfir í ástandsskoðun. Skoðunin tekur að jafnaði um 30-40 mínútur.

Í söluskoðun er m.a. farið yfir öll skoðunatriði sem venjulega eru framkvæmd í aðalskoðun en til viðbótar er ástand vélar athugað með vélgreini (bara á Hesthálslí í Reykjavík), ásamt því að ástand lakks, ryðvarnar, innréttingar, sæta og fleiri atriða eru könnuð. Bílnum er einnig reynsluekið.

Niðurstöður skoðunarinnar eru færðar á tölvutækt form og út er gefin sérstök ástandsskoðunarskýrsla með ferilskýrslu ökutækisins í ökutækjaskrá (auk útprentana úr mælitækjum ef það á við). Niðurstöður eru vandlega kynntar fyrir viðskiptavinum.

Boðið er upp á söluskoðun á skoðunarstöðvum Frumherja hf. á Akranesi, Akureyri, Borgarnesi, Hesthálslí og Skeifunni í Reykjavík, Kópavogi, Njarðvík og Selfossi.

### *Vélarskoðun*

Vélarskoðun er aðallega ætluð þeim sem þurfa bilanagreiningu á bílvél. Skoðunin tekur að jafnaði um 20-30 mínútur.

Með skoðuninni fást upplýsingar um viðkomandi bílvél m.t.t. bilana, ástands, líftíma og annarra atriða. Notaður er vélgreinir (tölvubúnaður) til að kanna ástand vélarinnar vandlega.

Niðurstöður skoðunarinnar eru færðar á tölvutækt form og út er gefin sérstök ástandsskoðunarskýrsla með ferilskýrslu ökutækisins í ökutækjaskrá, auk útprentana úr vélgreini. Niðurstöður eru vandlega kynntar fyrir viðskiptavinum.

Vélarskoðun er aðeins á Hesthálslí í Reykjavík.

### *Kaup og sala notaðra bíla*

Kaupandi á rétt á því að láta óháðan aðila ástandsskoða fyrir sig þann bíl sem hann er hugsa um að kaupa. Frumherja hf. er óháð skoðunarstofa sem uppfyllir öll skilyrði þar að lútandi og vinnur eftir vel skilgreindum verklagsreglum við framkvæmd ástandsskoðana. Með ástandsskoðunum fylgir ferilskýrsla bílsins úr ökutækjaskrá, ásamt upplýsingum um gjaldstöðu og veðbönd. Á skoðunarstöðvunum er hægt að greiða opinber gjöld, einnig er tekið á móti eigendaskipta-tilkynningum, svo hægt er að ganga frá sölunni á staðnum. Hjá Frumherja hf. fást allar frekari upplýsingar.

### *Ferðaskoðun / Yfirlitsskoðun*

Skoðunin hentar þeim sem vilja láta athuga helstu öryggisþætti bifreiðar. Hún er því aðallega ætluð þeim sem eru að fara í ferðalag og þurfa faglega umsögn um mikilvæg öryggisatriði eigin bíls. Skoðunin hentar einnig þeim sem eru að kaupa bíl og þurfa faglega prófun á mikilvægum öryggisþáttum (s.s. hemlum), en hafa sjálfir faglega þekkingu á öðrum hlutum, eða þeim sem hafa vit á bílum og eru að kaupa sér bíl en vantar skoðunar- aðstöðu. Skoðunin tekur að jafnaði um 10-15 mínútur.

Farið er yfir virkni helstu ljósa, virkni aksturshemla og undirvagn athugaður m.t.t. slits í stýrisbúnaði, slits í vélrænum hlutum hjólabúnaðar og styrkleikamissis burðarvirkis.

Allar athugasemdir eru skráðar á skoðunartölvu sem viðskiptavinur fær afhent að lokinni skoðun.

Boðið er upp á þessa skoðun á öllum skoðunarstöðvum Frumherja hf.

### *Bilanaskoðun*

Þessi skoðun er aðallega ætluð þeim sem eru með óskilgreinda bílun (óhljóð, leki, röng virkni o.þ.h. bilanir) í bílnum sínum og langar að fá að vita eðli bilunarinnar svo hægt sé að velja verkstæði sem gerir nákvæmlega við þá bílun. Áætlaður tími sem skoðunin tekur er á bilinu 10-15 mínútur.

Skoðuð eru þau atriði sem viðskiptavinur biður um að séu skoðuð með það að markmiði að finna út hvað er bilað. Reiknað er með að um sé að ræða eitthvert eitt einangrað tilfelli sem beðið er um skoðun á.

Boðið er upp á þessa skoðun á öllum skoðunarstöðvum Frumherja hf. (þó er bilanaskoðun sem þarfnast vélgreinis bara framkvæmd á Hesthálslí í Reykjavík).